



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

KB/

Reykjavík 3. febrúar 2016

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til almennra hegningarlaga (samningur Evrópuráðsins um baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401. mál.

Af hálfu héraðssaksóknara er tekið undir þau meginsjónarmið sem frumvarpið byggir á, þ.e. að Ísland geti fullgilt s.k. Ístanbúlsamning og að heimilisofbeldi, eða ofbeldi í nánnum samböndum, sé tekið föstum tókum. Héraðssaksóknari gerir ekki athugasemdir við 1.-3. gr. og 5.-7. gr. frumvarpsins.

Að því er varðar 4. gr. kemur fram að hinu nýja ákvæði í 218. gr. b almennra hegningarlaga eigi að meginsteftu til að beita einu og sér en ekki samhliða öðrum ákvæðum hegningarlaga s.s. 217.gr, 218. gr., 225. gr., 226. gr. og 233. gr. Í athugasemdum við 4. gr. er svo umfjöllun um andlegt ofbeldi, m.a. því að beita grófum og endurteknum uppnefnum, niðurlægingum og ásökunum. Segir í framhaldi af þessari umfjöllun: „Í þessu ljósi er lagt til að refsineami ákvæðisins verði ekki bundið við verknaði sem nú þegar geti falið í sér refsiverða háttsemi samkvæmt almennum hegningarlögum, heldur taki það jafnframt til þess ef lífi, heilsu og velferð þolanda er ógnað á anna hátt sem ekki getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum. Með þetta í huga vaknar sú spurning hvernig hið nýja ákvæði muni taka til háttsemi sem átt hefur undir 233. gr. b almennra hegningarlaga um stórfelldar ærumeiðingar gegn nákomnum. Nauðsynlegt er að mati héraðssaksóknara að skýrt sé hvernig samspil hins nýja ákvæðis í 218. gr. b og 233. gr. b verður. Til hliðsjónar er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 843/2014.

Þá er fjallað sérstaklega um það í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins hverjir eigi að njóta réttarverndar samkvæmt ákvæðinu. Er þar m.a. tekið sérstaklega fram að sambúðarmaki í skilningi ákvæðisins verði ekki túlkað svo þröngt að nauðsynlegt sé að sambúð hafi formlega verið skráð hjá yfirvöldum svo ákvæðið komi til skoðunar. Upp koma reglulega mál hjá lögreglu og ákærvaldi þar sem grunur leikur á ofbeldi (í rúmri merkingu) í nánnum samböndum og sakborningur og þolandi eru ungir að árum. Viðkomandi eru í parasambandi sem hefur jafnvel staðið í nokkur tíma en aðilar búa báðir í foreldrahúsum. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að vafi leiki á því hvort þau ákvæði sem komu inn í almenn hegningarlög með lögum nr. 27/2006 taki til slíkra sambanda, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 312/2015.



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Héraðssaksóknari telur því nauðsynlegt að skýrt verði hvort hið nýja ákvæði í 218. gr. b taki til slíkra sambanda.

Loks telur héraðssaksóknari að taka þurfi ákvörðun um hvort ákærvaldið vegna brota á hinu nýja ákvæði verði hjá lögreglustjórum eða hjá héraðssaksóknara.

Kolbrún Benediktsdóttir

Kolbrún Benediktsdóttir
varahéraðssaksóknari

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

nefndasvid@althingi.is